

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 4 á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

Frá og með 10. febrúar 1965 ganga í gildi viðaukar og breytingar, útgefnar í dag, á Lyfjaverðskrá II frá 15. febrúar 1963.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. janúar 1965.

F. h. r.

Baldur Möller.

Jón Thors.

25. janúar 1965.

Nr. 12.

REGLUGERÐ

um öryggisráðstafanir við frystikerfi og búnað í frystihúsum.

1. gr.

- Í reglum þessum miðast afköst kælikerfa í hitaeyningum við kílógrammkaloríur á klukkustund (kcal/h) og kæling fari fram við $-15^{\circ}/+30^{\circ}/\div 25^{\circ}\text{C}$.

Kælimiðlar.

2. gr.

- Helztu kælimiðlar eru sem hér segir:

Nafn kælimiðils	Efnafræðitákn	Sameindarþungi
Ammoniak	NH ₃	17.0
Diklordifluormetan (F12)	CCl ₂ F ₂	120.9
Diklormetan (Carrene nr. 1)	CH ₂ Cl ₂	84.9
Triklormonofluoroetan (Carrene nr. 2) (F11)	CCl ₃ F	137.4
Triklortrifluormetan (F113)	C ₂ Cl ₃ F ₃	187.4
Diklormonofluormetan (F21)	CHCl ₂ F	102.9
Monoklordifluormetan (F22)	CHClF ₂	86.5
Metylklorid	CH ₃ Cl	50.5
Brennisteinssýrlingur	SO ₂	64.1
Dikloretylen	C ₂ H ₂ Cl ₂	96.9
Etylklorid	C ₂ H ₅ Cl	64.5
Metylformiat	HCOOCH ₃	60.1
Kolsýra	CO ₂	44.0

- Aðra kælimiðla en þá, sem hér hafa verið taldir upp, má ekki nota nema að fengnu leyfi öryggismálastjóra.

3. gr.

- Varabirgðir kælimiðils skal einungis geyma á þar til gerðum stálflöskum.
- Þegar kælimiðill er settur á flösku, skal gæta þess vandlega að fylla hana í samræmi við áletrun hennar. Magn kælimiðils á flösku er fundið með því að fylgjast með þungaaukningu hennar.